

Til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Vegna Kvíslartungu 5

Ég undirritaður eigandi Kvíslartungu 3 langar að koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Kvíslartungu 5. Ég sendi á fyrri stigum málsins bréf til skipulagsnefndar ásamt eigendum af Kvíslartungu 1 þar sem við mótmælum breytingum en þá lá ekki fyrir að það ætti að breyta lóðinni í parhúsaloð.

Ég geri athugasemd við að breyta lóðinni í parhúsaloð þar sem að hverfi þetta var kynnt sem sérbýli í sveit þar sem lóðir væru stórar og frjálssræði í byggingavali. Þetta var ein aðalástæða þess að ég valdi þennan stað í hverfinu til að byggja heimili fyrir fjölskyldu mína. Mér þykir því skjóta skökku við ef að nú eigi að fara að breyta þessu og setja 2 íbúðaeiningar á lóðina við hliða á mér. Það mun einnig skemma heildarmynd götunnar þar sem þessar 3 lóðir eru mjög áberandi í hverfinu.

Þegar ég lét hanna húsið mitt þá fór ég og kannaði hvort það væri möguleiki að fá aukaíbúð skráða í húsið hjá mér og var því hafnað af Mosfellsbæ þar sem ekki væri gert ráð fyrir aukaíbúð í húsum þar sem aðgengi væri að neðri hæð. Þykir mér því bærinn vera að brjóta á mér ef nú verði leyft að byggja ekki bara hús með aukaíbúð heldur parhús á lóðinni.

Tel ég mun eðlilegra að breyta skipulagi allra lóðanna 1-5 þannig að á þeim öllum væri heimilt að byggja hús með aukaíbúð fremur en að taka þessa einu lóð og troða á hana parhúsi. Ef nýja eigendur vantar að hafa 2 einingar á einbýlishúsaloð væri það mun betri kostur að mínu mati.

Mosfellsbæ 16.04.2020



---

Halldór Karl Þórisson

Til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Vegna Kvíslartungu 5

Ég undirritaður eigandi Kvíslartungu 3 langar að koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Kvíslartungu 5. Ég sendi á fyrri stigum málsins bréf til skipulagsnefndar ásamt eigendum af Kvíslartungu 1 þar sem við mótmælum breytingum en þá lá ekki fyrir að það ætti að breyta lóðinni í parhúsalóð.

Ég geri athugasemd við að breyta lóðinni í parhúsalóð þar sem að hverfi þetta var kynnt sem sérbýli í sveit þar sem lóðir væru stórar og frjálsræði í byggingavali. Þetta var ein aðalástæða þess að ég valdi þennan stað í hverfinu til að byggja heimili fyrir fjölskyldu mína. Mér þykir því skjóta skökku við ef að nú eigi að fara að breyta þessu og setja 2 íbúðaeiningar á lóðina við hliða á mér. Það mun einnig skemma heildarmynd götunnar þar sem þessar 3 lóðir eru mjög áberandi í hverfinu.

Þegar ég lét hana húsið mitt þá fór ég og kannaði hvort það væri möguleiki að fá aukaíbúð skráða í húsið hjá mér og var því hafnað af Mosfellsbæ þar sem ekki væri gert ráð fyrir aukaíbúð í húsum þar sem aðgengi væri að neðri hæð. Þykir mér því bærinn vera að brjóta á mér ef nú verði leyft að byggja ekki bara hús með aukaíbúð heldur parhús á lóðinni.

Tel ég mun eðlilegra að breyta skipulagi allra lóðanna 1-5 þannig að á þeim öllum væri heimilt að byggja hús með aukaíbúð fremur en að taka þessa einu lóð og troða á hana parhúsi. Ef nýja eigendur vantar að hafa 2 einingar á einbýlishúsalóð væri það mun betri kostur að mínu mati.

Mosfellsbæ 16.04.2020



---

Halldór Karl Þórisson